

Alþingi
Erindi nr. P 136/1391
komudagur 20.3.2009

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi
Sólvallagötu 74, 101 Reykjavík

Reykjavík 20. mars 2009

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: Umsögn um 385. mál, frumvarp til stjórnskipunarlagabreytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi (FUMÍ) hefur fengið til umsagnar frumvarp til stjórnskipunarlagabreytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Umsögn FUMÍ snýr eingöngu að 1. gr. frumvarpsins.

FUMÍ er fylgjandi því að sett verði inn ákvæði í stjórnarskrá um verndun og varðveislu náttúruauðlinda. Almennt þarf orðalag stjórnarskrár að vera skýrt og gagnsætt og vera skiljanlegt öllum þeim sem hana lesa.

Félagið tekur almennt ekki afstöðu til þess hvort æskilegt sé að ríkið fari með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt náttúruauðlinda. Fjöldmörg dæmi eru um það í sögu mannkyns að ríki hafi misnotað náttúruauðlindir, í umboði sinnar þjóðar, innan eða utan síns lögsagnarumdæmis. Einnig eru fjöldmörg dæmi um að löggjöf, sem á að kveða nánar á um hlutverk ríkisins í þessu sambandi, hafi ekki þjónað því hlutverki að vernda náttúruauðlindir gegn ofnýtingu. Á þetta skal bent í upphafi til að áréttta að það tryggi ekki endilega bestu nýtingu náttúruauðlinda að fela umsjá þeirra ríkinu í hendur.

Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins segir: „Allar náttúruauðlindir ber að nýta á sem hagkvæmastan hátt á grundvelli sjálfbærrar þróunar....“ FUMÍ gerir athugasemdir við þetta orðalag. Í fyrsta lagi má skilja orðalagið sem svo að allar náttúruauðlindir beri að nýta. Í öðru lagi má gagnrýna hina hagrænu tengingu sem felst í „að nýta á sem hagkvæmastan hátt“. Nýting á grundvelli sjálfbærrar þróunar á að fela í sér hinn hagræna þátt, þ.e. að nýtingin verður ekki stunduð nema með hagkvæmum hætti og án þess að gengið sé á hinar félagslegu og vistfræðilegu stöðir sjálfbærrar þróunar. Orðalagið “á hagkvæmasta hátt” gerir þannig að mati FUMÍ of mikið úr hinum hagræna þætti. Einnig má benda á það að nýting náttúruauðlinda ætti alltaf að byggja á bestu þekkingu á hverjum tíma.

Nýting náttúruauðlinda skal ávallt byggja á grundvelli sjálfbærrar þróunar til hagsældar fyrir þjóðina og komandi kynslóðir.

FUMÍ gerir athugasemd við það að ekki sé fyllilega ljóst hvernig túlka skal hugtakið sjálfbæra þróun í frumvarpinu. Erfitt er að túlka innihald greinarinnar sé slík skilgreining ekki til staðar. Úr því þyrfti að bæta. Flestir virðast geta túlkað kosti sjálfbærrar þróunar sér í hag og er ábyrgðarhluti að gefa færi á slíku í stjórnarskrá.

FUMÍ telur að fyrir þurfi að liggja skilgreining á því hvað felst í að láta náttúruauðlindir í þjóðareign **varanlega** af hendi sbr. 2. mgr.

Orðalag í 3. mgr. 1. gr. „Allir eiga rétt til umhverfis sem stuðlar að heilbrigði...” er að mati FUMÍ óskýrt. Á bls. 12 í greinargerð frumvarpsins er vísað í ákvæði norsku stjórnarskrárinnar, grein 110 b, þar sem orðalagið er eitthvað á þá leið að allir hafi rétt til umhverfis sem tryggir þeim heilbrigði og er það að mati FUMÍ skýrara:

Allir eiga rétt til (heilnæms) umhverfis sem getur tryggt þeim heilbrigði.

Í 3. mgr. er einnig jákvætt að koma að líffræðilegri fjölbreytni. Þetta mætti þó orða öðruvísi og bæta inn í náttúru og landslagi til að kristalla betur hvað við er átt, t.d.:

Viðhalda eða auka þarf líffræðilegan fjölbreytileika sem felst í náttúru og landslagi, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.

Minna má á í þessu sambandi að Ísland er markað af ofnýtingu mannsins þar sem ekki hefur verið tekið mið af viðkvæmum vistkerfum og harðneskjulegu loftslagi. Má með sanni segja að ekki sé metnaðarfullt markmið að láta sér nægja að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni þeirra eyðimarka sem einkenna stóran hluta landsins.

f.h. stjórnar Félags umhverfisfræðinga á Íslandi

Björn H. Barkarson